



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE1BÓ03

Kennari	Sunna Pétursdóttir, sunna.petursdottir@fss.is Thelma Dögg Árnadóttir, Thelma.dogg@fss.is Telma Rut Eiríksdóttir, telma.rut.eiriksdottir@fss.is Hólmfríður Rún Guðmundsdóttir, holmfridur.gudmundsdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Mánudaga klukkan 14:00 – 14:40 í stofu 221	 
Námsefni	Kjörbók, vinnubók og annað efni frá kennara. Vinnubók má kaupa í bóksölu á bókasafni skólans.	
Áfangalýsing	Í áfanganum verður unnið með helstu þætti íslenskunnar með áherslu á samskipti, málskilning og læsi í víðum skilningi. Stuðst verður við aldursmiðaðar bókmenntir og fjölbreytt verkefni sem taka mið af færni, þörfum og áhugasviði hvers nemanda. Lögð verður áhersla á hagnýtt og merkingarþætt nám sem tengist daglegu lífi og nýtist nemendum til framtíðar. Kennslan tekur mið af styrkleikum og færni hvers nemanda og miðar að því að viðhalda og efla þá færni sem þegar er til staðar og stuðla að áframhaldandi framförum.	
Námsmat og vægi námsmatspáttta	Námsmatið er einstaklingsmiðað, s.s. leiðsagnarmat, verkefnaskil, virkni í kennslustundum, mæting og ástundun. Regluleg endurgjöf er frá kennara á vinnuframlag nemenda.	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Verkefni	30 %
	Virkni í kennslustundum	20 %
	Vinnubók	50 %
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Kennsluáætlunin gæti tekið breytingum en þá að höfðu samráði við nemendur.
--	--

Grunnpættir menntunar	Í Íslenskukennslu fléttast grunnpættir menntunar saman á fjölbreyttan hátt: Læsi er einn af meginþáttum áfangans og er unnið með það í víðum skilningi. Nemendur efla málskilning, orðaforða, tjáningu og samskiptafærni með áherslu á hagnýtt læsi í daglegu lífi. Lýðræði og mannréttindi birtast í því að nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir, óskir og þarfir, taka þátt í samskiptum og læra að virða sjónarmið annarra. Jafnrétti endurspeglast í einstaklingsmiðaðri kennslu sem tekur mið af styrkleikum, færni, þörfum og tjáskiptaleiðum hvers nemanda. Jafnframt er lögð áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika. Heilbrigði og velferð tengist eflingu sjálfsmyndar, sjálfstæðis og samskiptafærni. Nemendur þjálfast í að tjá þarfir, óskir, líðan og skoðanir og efla færni sem nýtist þeim í daglegu lífi. Sköpun birtist í fjölbreyttum verkefnum þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig á ólíkan hátt, meðal annars með máli, myndum, táknum, tónlist og stafrænni miðlun.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Fjölbreytileika lífsins - Ólíkum aldurs- og áhugamiðuðum hugtökum - Mikilvægi tjáningar og skynjunar	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Átta sig á fjölbreytileika samfélagsins - Að hægt er að nálgast viðfangsefni á fjölbreyttan hátt - Tjá sig með fjölbreyttum leiðum - Taka þátt í umræðum
	
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Nýta fjölbreyttan orðaforða og hugtök í ræðum og riti - Taka þátt í umræðum/tjáskiptum - Virða fjölbreytileikann - Hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni	

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga Skólinn okkar	
2. vika 24.-28. ágúst	Allt um mig	
3. vika 31. ágúst-4. september	Áhugamál	
4. vika 7.-11. september	Fólkið í lífi mínu	
5. vika 14.-18. september	Tilfinningar og líðan	14. september samskiptadagur og engin kennsla á starfsbraut
6. vika 21.-25. september	Samskipti- hagnýt tjáning	
7. vika 28. september-2. október	Samskipti- síminn minn	
8. vika 5.-9. október	Netið	
9. vika 12.-16. október Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.	Matur og kaffihús-orðaforði	Námsmatsdagur 12. október- engin kennsla
10. vika 19.-23. október Vetrarleyfi 23. október	Verslun- lestur í daglegu lífi	Vetrarleyfi 23. október- engin kennsla
11. vika 26.-30. Október Vetrarleyfi 26. október	Tónlist- hlustun, orðaforði og tjáning	Vetrarleyfi 26. október- engin kennsla
12. vika 2.-6. nóvember	Heimilið mitt	
13. vika 9.-13. nóvember	Veðrið og klæðnaður	
14. vika 16.-20. nóvember	Þetta eða hitt	
15. vika 23.-27. nóvember Dimissio 27. nóvember	Bílar og farartæki	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Jól og hefðir	Nemendur skila vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sunna, Thelma Dögg, Telma Rut og Hólmfríður Rún